

447. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 7. maí 2020 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg formaður, Þórir Guðmundsson varaformaður, Hulda María Guðjónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bjarni Pétur Marel Jónasson, Bragi Rúnar Axelsson aðalmaður og Auður Helga Ólafsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hlynur Reynisson.

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Alberta G Guðbjartsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði og Arna Ýr Kristinsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Alberta G Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094

Tvö trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmálin afgreidd og færð til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

2. Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar - 2020040059

Lögð fram drög að mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar.

Velferðarnefnd lýsir ánægju sinni með mannréttindastefnuna og leggur til við bæjarstjórn að hún verði samþykkt með orðalagsbreytingum sem gerðar voru á fundinum.

3. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurðardóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 21. mars sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, 666. mál. Umsagnarfrestur er til 20. apríl nk.

Erindið var tekið fyrir á 1100. fundi bæjarráðs þann 30. mars sl. þar sem því var vísað áfram í velferðarnefnd.

Lagt fram til kynningar.

4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2020 - 2020010075

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, skjalaritara, f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 23. apríl sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025, 643. mál. Umsagnarfrestur er til 6. maí nk

Erindið var tekið fyrir á 1103. fundi bæjarráðs þann 27. apríl sl. þar sem því var vísað áfram í velferðarnefnd

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20

Tinna Hrund Hlynsdóttir
Hafberg

Þórir Guðmundsson

Bjarni Pétur Marel Jónasson

Bragi Rúnar Axelsson

Hlynur Reynisson

Margrét Geirsdóttir

Alberta G Guðbjartsdóttir

Arna Ýr Kristinsdóttir